

Fundargerð 3. fundar deildar leiðsögufólks í VR

Fundarstaður og dagsetning: Staðfundur í Húsi verslunarinnar, 2. september 2025 kl. 10-14

Mættir:

Halldór Kolbeins, Hildur Þöll Ágústsdóttir, Þór Bínó Friðriksson (á fjarfundi), Bryndís Kristjánsdóttir, Pétur Gauti Valgeirsson, Örvar Már Kristjánsson (mætti kl. 10.20), Jón Páll Baldvinsson (mætti kl. 13.30-13.55), Stefán Sveinbjörnsson og Aðalheiður Rán Þrastardóttir.

Næsti fundur: 7. október 2025

Fundarritari: Aðalheiður Rán Þrastardóttir

Málsnúmer í One: 2506279

Fundur settur kl. 10.11. Halldór stýrir fundi. Samþykkt er að 8. liður, um upplýsingagjöf til félaga og milli stjórnarfólks, sé bætt við eins og beðið var um fyrir fund.

Fundargerð 2. fundar

Fundargerð 2. fundar samþykkt án athugasemda.

Vottun leiðsögumannanáms

Síðasta verk síðustu stjórnar var að fá mat á náminu til að tryggja að leiðsögufólk með menntun í faginu geti krafist 4. launaflokks í kjarasamningi. Nú hefur verið leitað til BSI á Íslandi til að vinna matinu fyrir okkur og vonast er til þess að það klárast í haust. Sigurður Albert er í sambandi við BSI fyrir hönd leiðsögufólks sem og Aðalheiður, starfsmaður deildar.

Allir sem útskrifast úr skólum sem standast staðalinn munu fá skjöldinn.

Örvar mætir kl. 10.20.

Starfsfólk VR auk formanns deildar fóru á fund hjá Hæfnisetri ferðaþjónustunnar. Verið er að endurskoða nám í ferðaþjónustu almennt. Í skoðun innanhúss með Hæfnisetri hvernig unnið verður að mögulegu raunfærnimati leiðsögufólks og námi fyrir leiðsögufólk sem er ekki með góða færni í íslensku.

Afstaða deildar að leiðsögumaður með nám erlendis frá þurfi að bæta við sig þekkingu um íslenska staðhætti til að geta uppfyllt kröfur. Eins farið í mörgum öðrum löndum. Möguleiki er á að meta ýmsa þætti, s.s. framsögu, en leiðsögufólk erlendis frá þurfi að þekkja til landsins, t.d. hvað varðar öryggi gesta.

Á heimasíðu FEG má sjá hvernig þetta er erlendis.

Afstaða deildar að ekki eigi að útbúa einhvers konar minnapróf.

Starfsleyfis skylda leiðsögufólks

Vilja að leiðsögufólk þurfi að hafa starfsleyfi til að geta starfað sem leiðsögufólk á Íslandi til að tryggja öryggi gesta, gæði leiðsagnar í landinu sem og neytendavernd. Það myndi einnig einfalda allt eftirlit.

Haft hafði verið samband við ýmsa tengda aðila, s.s. Skattinn, Ferðamálastofu og Umhverfisstofu og út frá því kom til átakið hjá vinnustaðaeftirlitinu í sumar.

Samstaða er meðal leiðsögufólks að starfsleyfis skylda væri sett á. Getur einnig verið gott fyrir íslensk fyrirtæki til að tryggja að störfin haldist meðal fólksins í landinu.

Það þarf að gæta þess að leiðsögufólk vinni sem leiðsögufólk en ekki ferðaskrifstofa, þ.e. hann á ekki að sjá um bókanir og hvað annað.

Björn Júlíus fór í fyrra á FEG ráðstefnuna. Samþykkt að hann fari fyrir hönd deildarinnar einnig út í ár og hann skoðar hvernig þessu er farið erlendis, m.a. hvernig farið er að í Austurríki og á Spáni.

Niðurstaða að gerð verði SWOT greining á sérstökum fundi utan stjórnarfundar.

Kjarasamningur – næstu skref

Næstu skref, erum með bókanir sem þarf að fara að vinna í.

Álög fyrir næstu kjarasamninga. Ábendingar um næsta kjarasamning sendist á starfsmann deildar, verður mögulega á stjórnargátt, en verður safnað saman á skipulegan hátt af starfsmanni.

Veikindaréttur ferðaráðinna. Við vorum áður í sambandi við félag tæknifólks, Jakob. Hugmyndin var sú að veikindaréttur ferðaráðins fólks væri greiddur í sjóð og ferðaráðið leiðsögufólk gæti þá sótt í sjóðinn í veikindum. Almennt er veikindarétturinn reiknaður sem 2,4% af launum en í dag kostar hann atvinnurekendur ansi lítið þar sem starfsfólkið hefur lítinn rétt. Svipar til sjúkrasjóðs þar sem atvinnurekandi greiðir í sjóðinn og starfsfólk sækir í sjóðinn verði það veikt.

Verður mótað og gengið í, mögulega með fleirum.

Gerviverktaka. Ekki má mismuna fólki sem vinnur sömu vinnu, hvort sem það er verktaki eða launafólk. Skýrt er hjá Skattinum hver telst til verktaka og hver ekki, til dómsmál þar um. Verktaki má til að mynda finna annan til að fara í verkið fyrir hann en launamaður ekki. Bókunin snýst um að við séum að koma í veg fyrir að fólk sé ráðið sem verktakar þegar það er í raun launafólk.

Þegar leiðsögufólk fer í eina ferð líta fyrirtæki svo á að um verktöku sé að ræða þó gert sé ráð fyrir ferðaráðningu í kjarasamningi. Ef leiðsögumaður vinnur alltaf hjá sama fyrirtæki á ekki að ráða það í ferð og ferð. Spurning með grein í kjarasamningi um að ferðaráðið fólk eigi að fá tímabundna/ótímabundna ráðningu hafi það unnið samfelld í 6 mánuði hjá fyrirtækinu. Þó eitthvað launafólk sem kys að vera verkefnaráðið lengur. Fólk sem vill nýta þennan rétt en fær neitun hjá fyrirtækinu getur leitað til kjaramálasviðs.

Greiði atvinnurekandi fólki sem verktaka en niðurstaða dómstóls er að um launamann sé að ræða þarf fyrirtækið að gera upp við starfskraftinn sem launamann.

Hlýtur að vera gerviverktaka mæti leiðsögumaður ekki með neinn búnað, ekki einu sinni hljóðnema, öðruvísi ef um ökuleiðsögn er að ræða þar sem ökumaður mætir á eigin bíl.

Haldi leiðsögufólk sig við það að rukka 50% verktakaálag, eins og þarf til að vera jafnvel settur og launafólk, gæti það mögulega leitt til þess að fyrirtækin sjái ekki sparnað í gerviverktöku.

Öryggismál. Starfsaðstaða leiðsögufólk ábótavant. Bílstjórar eru með ákveðin sæti en leiðsögufólk þarf að sætta sig við lélega stóla og lítið rými til að geyma pappíra eða annað sem þarf til starfsins. Fá skýringar um að stólar við hlið bílstjóra séu svona lélegir en virðist svo að betri séu til. Einnig að leiðsögumaður ætti að vera með spegil svo hann sjái gesti í rútu. Vantar reglur um svona mál?

Skilgreining leiðsögumanns – hann leiðsegir, á ekki að sjá um bókanir, breytingar vegna sérþarfa og slíks. Erlendar ferðaskrifstofur ýta meira á að leiðsögufólk taki þess háttar verkefni að sér því laun séu svo há á Íslandi. Sett svo óskrifaða krafa að ferðin sé metin sem excellent og það sé á ábyrgð leiðsögumanns að svo verði. Leiðsögumaðurinn er þá farinn að huga að öllu mögulegu til að gæta þess að svo verði.

Hvaða krafa er gerð til (öku-)leiðsögufólks sem fer t.d. með gesti upp á hálendi þar sem langt er í læknabjónustu? Ekki gerð krafa um skyndihjálp/fyrstu hjálp né að leiðsögufólk endurnýi þekkingu sína með ákveðnu millibili. Ætti að vera á ábyrgð ferðabjónustufyrirtækis að gæta að leiðsögumenn þeirra búi yfir þessari kunnáttu.

Landsbjörg hefur verið tilbúið að útbúa sérstakt námskeið fyrir leiðsögufólk. Skyndihjálp er oft styttra námskeið, fyrsta hjálp er fyrir fagaðila þar sem farið er dýpra og svo er hægt að fara á wilderness first responder námskeið. Talið skrítið að ekki sé gerð krafa um það að ekki sé hjartastuðtæki í öllum rútum. Ef þú þarft að hlaupa í 10-15 mín eftir tæki, þá er maðurinn mögulega farinn. Leiðsögufólk er oft á malbiki og þarf því ekki wilderness training en þarf dýpra en skyndihjálp.

Nauðsynlegt að móta frekari stefnu um þetta, hafa sérstakan vinnufund, mögulega swot greining. Þarf að móta frekari stefnu um hvernig haga skal námskeiðum varðandi skyndihjálp/fyrstu hjálp, mögulega vinnufundur. Þurfum tveggja daga námskeið sem er sérniðið. Leiðsögufólk er oft á malbiki, þarf ekki alltaf wilderness training.

Ábendingar um næsta kjarasamning sendist á starfsmann deildar, verður mögulega á stjórnargátt, en verður safnað saman á skipulegan hátt af starfsmanni.

Nú er öll þjónusta komin í VR og málin fara í sinn farveg innan skrifstofunnar. Benda félagsfólki á að leita beint til VR í stað þess að stjórnarfolk þurfi að vera inn í mörgum málum.

Sameining Leiðsagnar og VR

Hefur gengið vel. Aðaláskorunin að leiðsögufólk átti sig á að aðildargjaldið, 10.000 krónurnar, haldi ekki félagsaðild heldur þurfi fólk að greiða reglulega til félagsins af sínum launum. Flest komið á gott ról,

búið að losa húsnæðið og gögn komin í hús, sjóðirnir hafa runnið saman og kjaramálin einnig. Finnum að mikið er haft samband við okkur. Kjaramáladeildinni þykir margir hafa samband, gæti verið kúfur. Til kjaramáladeildar leita mikið verktakar í upplýsingagjöf sem og starfsfólk sem er undir lágmarkskjörum. VR hefur verið að prenta kortin fyrir þá sem það vilja, leiðsögufólki þykir gott að geta haft síma og netfang og að nafnið sé stórt. Hægt að sækja um skírteinin á guide@vr.is og sækja fljótt. Eftirlitsaðilum í vinnustaðaeftirliti í sumar fannst gott þegar fólk var með skírteini.

Hver fær skírteinið næsta sumar? Ef e-r vann sumarið 2025 er ekki hægt að greiða einungis aðildargjald vorið 2026 og fá skírteinið það sumar.

Skjöldurinn – færð hann ef skólinn er vottaður. Skoðað verður hvort námskráin hafi breyst, hvað varðar hversu langt aftur fólk á rétt á skildi.

Þegar vottunin og skjöldur er komið á hreint er fólk með skjöldinn hvatt til að vera með hann og skírteinið um hálsinn, hvetjandi fyrir aðra að gera slíkt hið sama.

Samruni endurmenntunarsjóðs Leiðsagnar og Starfsmenntasjóður verslunar og skrifstofufólks (SVS) var kláraður í sumar. Leiðsögufólk átti 80.000 kr. rétt í endurmenntunarsjóðinn en á nú 180.000 kr. rétt, getur orðið 540.000 kr. ef fólk hefur ekki nýtt hann í 3 ár.

Samruni í sjúkrasjóð VR lokið. Samkomulag var um að rétturinn sé styttri á meðan veikindarétturinn er verri í kjarasamningi. Leiðsögufólk getur sótt um orlofshús.

Félagatalið – var þannig að fólk þurfti að haka sjálft við að það vildi vera sýnilegt á vefnum en þar voru einungis faglærðir leiðsögumenn.

Það þarf að vera á sama hátt enn, þ.e. skv. persónuvernd þarf fólk að haka við að það vilji vera sýnilegt sökum þess að þetta varðar stéttarfélagsaðild - einungis félagsfólk getur verið á listanum. Gæti verið gott að hafa pláss fyrir t.d. slóð á FB eða annað þar sem þarna yrði ekki mynd. Þetta verður skoðað innanhúss með upplýsingatækisviði, getur tekið tíma.

Námskeið næsta vetrar fyrir leiðsögufólk

Hvernig vill fólk haga námskeiðum í vetur. Stjórnarfolk sammála um að fræðslan þurfi einnig að vera félagsleg, þ.e. gott að hafa fjarnámskeið sem tekin eru upp en ferðir séu nauðsynlegar upp á félagstengsl. Hjá Leiðsögn var oft ein dagsferð og ein gistiferð. Í gistiferðinni voru laun sérfræðings sem kom í ferðina greidd af fræðslusjóði, Leiðsögn greiddi rútuna en félagsfólk gistingu. Ef farið yrði í ferð, þyrfti mögulega að greiða fyrir til að gæta að sætaframboði.

Námskeið eru fyrir allt félagsfólk VR, ekki einungis leiðsögufólk. Þarf að móta með VR.

Lava show vill t.d. kynna sitt starf fyrir leiðsögufólki – er hægt að komast þar inn.

Skyndihjálpin hefur verið í boði hjá Leiðsögn, munum skoðað að hafa 3x skyndihjálparnámskeið í vor (apríl), jafnvel á ensku. Skoða fyrstu hjálpar námskeið hjá Landsbjörg, mögulega bóklegt á netinu og svo mætt í verklega hlutann.

Kalla eftir áhuga hjá félögum. Hugmyndir – stjörnu Sævar, sólmyrkvinn að vori en norðurljós að hausti, fjarnámskeið.

Siðareglur leiðsögumannsins

Til eru siðareglur sem voru uppfærðar í kringum 2021. Fjallar um hvernig leiðsögumaður á að haga sér í vinnu og ferðum. Stjórnarfolk sammála um að siðareglur þurfi að vera til en þær þurfi að uppfæra, áminning um hvernig skal haga sér. Farið verður í gegnum þær reglur sem áður væri settar og þær uppfærðar.

Jón Páll mætir 13.30.

Ýmis kynferðismál, hvert fara þau mál? Kjaramálasvið tekur á móti atvikum sem þessum þegar þau eiga sér stað innan vinnustaðar.

Siðareglur þurfa alltaf samþykki á félagsfundi.

Upplýsingagjöf til félaga og milli stjórnarfólks

Búið að stofna lokaða Facebook síðu fyrir félagsfólk VR. Tölvupóstur hefur verið sendur á félaga og verða þeir samþykktir inn fljótlega. Þar verður miðlun upplýsinga um það sem tengist leiðsögufólki í félaginu, félagar geta síðan sett inn það sem er að gerast á vettvangi (s.s. um lokað bílastæði eða annað).

Ákveðið að stjórnin muni hafa lokaða Facebook síðu til að ræða sín á milli, ásamt Aðalheiði og Stefáni.

Önnur mál

1. Hildur biður um tímabundið leyfi frá 15. sept. í a.m.k. tvo mánuði.

2. Vinnustaðaeftirlit sumarið 2025

- a. Farið var yfir það á síðasta fundi. Farið var í þrjú eftirlit í sumar. Lært leiðsögufólk er ánæggt með að stofnanir vinni saman, finnst forvarnargildi í því. Heilt yfir hefur þetta gengið vel.
Ábendingarhnappur er á heimasíðu vr og tengist hann beint vinnustaðaeftirliti VR. Farið í ferðir í sumar. Vanalega þarf að keyra milli staða fyrir eftirlit en þarna kemur fólk til þeirra.
Jón Páll kveður, 13.55.
Mögulega verður vinnustaðaeftirlitið með öðrum hætti síðar þar sem það yrði miðlægt út frá ASÍ en ekki frá hverju stéttarfélagi.

3. Boðleiðir innanhúss

Búið að ræða.

4. Fundur um menntamál við Hæfnisetur

Búið að ræða.

5. Fyrirtækjakynningar, Pétur Gauti

Hvaða kanall er það. Hvernig geta fyrirtæki náð til leiðsögufólks.

6. Vill fólk hafa fleiri vinnustaðafundi sem þennan?

Næsti staðfundur er 6. janúar. Erfitt er fyrir leiðsögufólk að hafa fundi á þessum tíma, að degi til. Niðurstaða að fundur í nóvember verður sem staðfundur og hann lengdur, kl. 20-22 (fjarfundur fyrir þá sem þurfa).

7. Tímasetning fyrir aðalfund

Fimmtudagurinn 23. október að kvöldi kl. 20. Þar verður ekki breyting á stjórn. Kynning á verkefnum, sækja hugmynda frá félögum.

(Innskot 8. september '25 – dagsetning skaraðist á við annan viðburð innanhúss og var hann því færður til 28. október '25)

Fundi slitið kl. 14:05.